

Föstudaginn 25. október 1935.

Nr. 37/1935. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)  
gegn

**Helga Pálssyni**

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Brot á bifreiðalögum.

*Dómur lögregluréttar Akureyrar 21. jan. 1935: Kærður, Helgi Pálsson, greiði 100 króna sekt til rikissjóðs og komi einfalt fangelsi í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.*

Kærður skal sviptur ökuleyfi í 6 mánuði.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

#### **Dómur hæstaréttar:**

Með því að fallast má á forsendur hins áfrýjaða lögregluréttardóms, ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar á að teljast frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt þessu verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa. Kærða, Helga Pálssyni, ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæsta-

rétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, 50 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Helga Pálssyni, útgerðarmanni hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 70, 1931 um notkun bifreiða og áfengislögum nr. 64, 1930, og eru málavextir þessir.

Að kvöldi þess 3. þ. m. fór kærður í bifreið, A. 48, er hann á, að Hótel Akureyri, hér. Annar maður, Baldur nokkur Stefánsson keyrði bifreiðina. Kærður drakk kaffi á „Akureyri“. Þegar hann kom út aftur fann hann ekki Baldur og tók því bifreiðina sem stóð skammt frá Hótelinu í Skipagötu. Þá er kærður, sem hefir ökuskirteini, ók fram hjá verzlun „Guðmanns Efterfølger“ gaf lögreglan honum stöðvunarmerki og hlýddi kærður því, en lögreglan tók bifreiðina af kærða.

Það er upplýst að kærður var ölvaður, þó ekki svo að hann slagaði. Hefir kærður kannast við að hann ásamt öðrum manni hafi drukkið 1 fl. af sherry og 1 fl. af vermouth. Höfðu þeir félagar setið að drykkjunni 2—3 klukkustundir, þá er og upplýst að ekki logaði nema á öðru ljóskeri bifreiðarinnar og var kærða þetta kunnugt.

Kærður var 30. ágúst s. l. sektaður hér á Akureyri um 25 kr. fyrir að gefa ekki hljóðmerki, en hefir ekki oftarsætt refsingu.

Með framangreindu hefir kærður brotið gegn 3. gr. 3. lið a og 5. gr. 4. mgr. bifreiðalaganna og 20. gr. áfengislaganna. Þykir refsing kærða fyrir þessi brot hans samkvæmt 14. gr. bifreiðalaganna hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs og komi einfalt fangelsi í 10 daga í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þá verður og samkvæmt 5. gr. bifreiðalaganna og 20. gr. áfengislaganna að svipta kærða

leyfi til að aka bifreið í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

---

Miðvikudaginn 30. október 1935.

Nr. 127/1934. **Hreppsnefnd Mosfellshrepps f. h. hreppsfélagsins** (Pétur Magnússon)  
 gegn  
**hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps f. h. hreppsfélagsins**  
 (Stefán Jóh. Stefánsson).

Mál um ákvörðun hreppamarka.

*Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 31. ágúst 1933:* Kröfur stefnöndu, hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps, fyrir hönd hreppsins takast til greina þannig, að nýbýlið Gunnarshólma ber að telja innan Seltjarnarneshrepps óátalið af hreppsnefnd Mosfellshrepps. Hreppsnefnd Mosfellshrepps f. h. hreppsins greiði upp í málskostnað krónur 601.10. Dómi þessum ber að fullnægja að því er tekur til málskostnaðar innan 3 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Dómur hæstaréttar:**

Máli þessu er áfrýjað til hæstaréttar með stefnu dags. 10. ágúst 1934, að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 20. júlí 1934 og gerir áfrýjandi þær kröfur fyrir hæstarétti, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda, þá krefst hann og málskostnaðar í báðum réttum eftir mati dómsins. Stefndi krefst þess þar